**130. löggjafarþing 2003–2004.**
**Þskj. 1789 — 1007. mál.**

# Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um lækkun virðisaukaskatts.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hve mikið áætlar fjármálaráðuneytið að mundi kosta ríkissjóð að lækka úr 14% í 7% virðisaukaskatt á eftirtöldum tegundum vöru og þjónustu sem taldar eru upp í 2. mgr. 14. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988:

a. útleigu hótel- og gistiherbergja og annarri gistiþjónustu,
b. afnotagjöldum útvarpsstöðva,
c. sölu tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða,
d. sölu bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra, sem og hljóðupptakna af lestri slíkra bóka,
e. sölu á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns,
f. aðgangi að vegamannvirkjum?

**Skriflegt svar óskast.**